

Hin nýja hetja kvikmyndanna

Pabbi

Í sumar hafa verið sýndar hér þrjár bandarískar myndir, sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um hina nýju hetju bandarískra kvikmynda, nefnilega ekki kúrekann, lögreglumanninn eða ríka manninn, heldur pabbann. Þessar myndir eru „Borð fyrir fimm“, „Maður kona barn“ og sú nýjasta „Rithöfundur eða hvað“.

Allar eru þessar myndir fremur af léttara taginu, nema kannski helst „Borð fyrir fimm“, sem er sýnu alvarlegust af þeim og jafnframt best. Og allar hafa þessar myndir fengið heldur litla og yfirborðslega umfjöllun í blöðum sýnist mér og því langar mig að bæta við nokkrum orðum um það sem skilur þær frá flestum öðrum myndum sem hér er verið að sýna. Tilhneigingin til að afgreidda þessar myndir sem væmnar, vegna þess að þær fjalla um tilfinningalíf karla og samskipti við börn, er bæði hættuleg og röng. Og þegar hundómerkileg, illa leikin og efnislega einskis virði mynd eins og „Einn gegn öllum“ fær hærri einkunnargjöf í dagblöðum (Mbl. um helgina) en „Maður, kona, barn“ fer maður að efast alvarlega um merkingu slíkra einkunnargjafa.

En lítum nánar á þessar myndir. Þær eiga það allar sameiginlegt að fjalla um óvenjuleg fjölskyldumynstur og þær aðstæður sem upp koma hjá börnum, sem ekki búa við báða foreldra. Í „Maður, kona, barn“ er fjallað um utanhjónabandsbarnið, sem skyndilega birtist, þegar móðir þess hefur látist í slysi og barnið á engan að. Í „Borð fyrir fimm“, er fyrri eiginmaðurinn og faðir barnanna þriggja í frí með þau þegar móðirin ferst af slysförum og í „Rithöfundur, eða hvað“ hleypur konan í burtu og skilur eiginmanninn eftir með öll börnin, sem hún hefur átt með hinum og þessum. Sem sagt: Hvað gerir einn pabbi, þegar mamma deyr,

giftist öðrum eða bara stekkur að heiman? Í öllum þessum myndum sjáum við breyska karlmenn, tilfinningaríka og fórnfúsa feður, sem jafnframt eru hinir mestu sjarmórar, fyndnir og framgangsmiklir menn sem eru tilbúnir til að fórna framanum fyrir börnin sín. („Rithöfundur, eða hvað“). Þeir gráta þegar þeir verða að skilja við börnin („Maður, kona, barn“) og eru tilbúnir til að berjast fyrir yfirráðaréttinum yfir



PÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR

þeim fram í rauðan dauðann („Borð fyrir fimm“).

Þessar myndir eru efnislega mjög áhugaverðar og sú karl-

mannsmynd sem þær sýna, er sannarlega tímabær. Sem fjölskyldumyndir hafa þær allar mikið gildi, ekki síst hér á landi, þar sem annað hvert barn og vel það hefur á einhvern hátt kynnst þeim aðstæðum sem upp koma þegar fjölskyldan er ekki bara pabbi, mamma, barn, – og allt samkvæmt skilgreiningu hinnar heilögu ritningar. Stjúpbörn, uppeldissystkini, hálf systkini, föðurlaus börn, móðurlaus börn

– fordómalaus, hlý og um leið svoltíð gamansöm umfjöllun á erfiðleikum og gleði í lífi þeirra er efniviður sem sannarlega var tími til kominn að vinna úr í kvikmyndum.

Svo að lítið sé nánar á myndirnar og gerð þeirra, eru þær allar mjög vel leiknar, handritin býsna góð, þótt mér finnist „Rithöfundur, eða hvað“ einna síst. Hún er að vísu sú eina þeirra þriggja sem reynir að vera gamanmynd og er þar af leiðandi aldrei eins „djúpfyndin“ og t.d. „Borð fyrir fimm“ sem spannar nánast allan skalann frá sprenglögilegri satýru í djúpan harmleik. Kvenpersónurnar í „Rithöfundur, eða hvað“ eru líka fremur yfirborðskenndar og hlutverkin illa leikin af annars ágætum leikkonum (Tuesday Weld og Dyan Cannon), en miklu betri eru eiginkonurnar í hinum tveimur myndunum, einkum Blythe Danner í „Maður, kona, barn“.

En það sem ber allar þrjár myndirnar uppi eru þó aðal-leikararnir, pabbarnir þrír, **Al Pacino** (Rithöfundur, eða hvað), **John Voight** (Borð fyrir fimm) og **Martin Sheen** (Maður, kona, barn). Tveir þeir fyrrnefndu, sem oftast hafa sést sem harðsoðnir töffarar fá hér kærkomið tækifæri til að sýna á sér alveg nýja hlið. Og ekki má gleyma börnunum, sem eru aldeilis frábær í öllum myndunum.

Karhlutverkum kvikmyndanna hefur best öflugur liðsauri, sem væntanlega á eftir að verða jafn atkvæðamikill og hliðstæðan hjá kvenfólkinu, móðurhlutverkið sem hefur deilt þýðingarmesta sætinu hjá kvenfólkinu ásamt með meyarhlutverkum og gleðikonum. Nú leika karlmenn ekki lengur elskhuga, hetjur og gamla, ríka karla sem eru að gifta saklausar dætur sínar. Nú leika þeir pabba. Og eru betri en nokkru sinni fyrr.

P.S.



Al Pacino í nýju hlutverki.

Einn karl og fjórar konur

Fimm ungir listamenn halda um þessar mundir samsýningu á Kjarvalsstöðum, nánar tiltekið í Kjarvalssal. Þar sýna þeir grafísk verk, 39 að tölu. Hópurinn samanstendur af fjórum stúlkum og einum pilti og eru þau öll nýtskrifuð úr Myndlista- og handíðaskólanum. Þau heita Hildigunnur Gunnarsdóttir, Svala Jónsdóttir, Sigurbjörn Jónsson, Lára Gunnarsdóttir og Aðalheiður Valgeirsdóttir. Þau halda sameiginlega vinnustofu og mun sýningin m.a. spottin af þeim ástæðum.

Þetta er fágud sýning eins og vænta má af fólki sem nýskriðið er úr skólanámi. Áherslan er meiri á tæknibrögðum en sérstæðri túlkun. Það er þess vegna erfitt að sjá hvert hvert og eitt þeirra stefnir í list sinni. Við fyrstu sýn virðist það vera karlmaðurinn í hópnum sem hefur vinninginn, fyrst og fremst vegna áráðis. Sigurbjörn sýnir fimm múnótýpur í akrýl, en múnótýpur eru grafíkverk sem ekki er unnt að fjölfalda.

Þessar myndir eru undir sterkum áhrifum frá þýsk-expressionískum primitívisma (höfðun til listar frumstæðra) og

ber það vott um sterka stöðu þýskættaðrar listar í hinum alþjóðlega listheimi í dag. Sigurbjörn virðist þó fremur kafa aftur til expressionismans eins og hann birtist mönnum á tveimur fyrstu tugum aldarinnar, en þýskrar listar í dag.



HALLDÓR B. RUNÓLFFSSON

Lára Gunnarsdóttir sýnir 7 teikningar og virðist búa yfir töluverðum grafískum hæfileikum. Að vísu tekst hún lítið á við myndræn vandamál hvað form og innihald varðar, en eigi að síður gefa myndir hennar til kynna möguleika til útvíkkunar tjáningar þegar fram í sækir.

Dúkrístur Aðalheiðar Valgeirsdóttur, 8 að tölu, vitna einnig um tæknilega kunnáttu og fágada útfærslu. Myndefnið er þó

hefðbundið og venjulegt og gefur litlar vísbendingar um það sem listamaðurinn býr í brjósti. Líft og aðrir sýnendur á Aðalheiður eftir að gera upp við sig tjáningarmöguleika listar sinnar.

Hildigunnur Gunnarsdóttir fæst við sáldþrykk og sýnir 10 myndir unnar með þeim miðli. Hildigunnur býr greinilega yfir auðugu ímyndunarafla sem hún leysir ekki úr læðingi sem skyldi. E.t.v. er það vegna feimnislegrar háttvísi byrjandans. En þótt það sé góðra gjalda vert á flestum sviðum mannlegs athæfis, kann slíkt ekki góðri lukku að stýra í listum. Háttvísi í framsögn hefur aldrei þótt góður förunautur listamanna.

Annar listamaður úr hópnun notar sáldþrykk og er það Svala Jónsdóttir. Hún sýnir 9 verk, tæknilega vel úr garði gerð en laus við öll átök og yfrið pempuleg. Svona innantóm flinkheit sem ætlað er að hrifa fákunnandi, eru lélegt veganesti fyrir ungan myndlistarmann sem væntanlega hyggst leggja upp í langa æviferð.

Allir hafa þessir listamenn þó möguleika á að ná langt og er erfitt um það að spá hver þeirra



Ein af múnótýpum Sigurbjörns Jónssonar.

nær lengst. Helstu hindranir á vegi ungs listafólks eru yfirborðsmennska sem óhjákvæmilega gerjast í andrúmslofti allra listaskóla, þar sem nemendur öðlast kunnáttu sína í vernduðu um-

hverfi lausu við hrásлага raunveruleikans. Mikið ríður þá á að þeim séu búin þau vopn sem dugad geti þeim þegar út í baráttuna við lífið sjálft er komið.

-HBR